



Nefndarálit borgara- og neytendanefndar um

Þingmannatillaga um endurskoðun á norrænum tvísköttunarsamningi

1. Tillaga nefndarinnar

Borgara- og neytendanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hefja endurskoðun á „Samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir“ í því skyni að skýra orðalag í reglunum;

að hefja rannsókn á því hvernig hægt er að tryggja að skattstjóra-embættin og önnur yfirvöld sem málið varðar túlki tvísköttunarsamninginn á sama hátt og veiti almenningi réttar og ótvíræðar upplýsingar um reglurnar.

Borgara- og neytendanefnd leggur einnig til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Noregs og Svíþjóðar um

að skattayfirvöld í löndunum fari yfir mál norsku lífeyrispeganna með það fyrir augum að skera úr um hvort þeim hafi verið veittar rangar upplýsingar og hugsanlega leiðréttar skattaálögur þeirra í samræmi við niðurstöðuna.

2. Aðdragandi

Í apríl 2008 var tvísköttunarsamningi Norðurlandanna breytt á þann veg að lífeyrisþegar, sem áður áttu einungis að greiða skatt til landsins sem greiddi þeim lífeyri, eiga nú einnig að greiða skatt í búsetulandinu. Breytingin öðlaðist gildi 1. janúar 2009.

Gildistakan olli miklum vandræðum fyrir norska lífeyrisþega sem höfðu sest að í Svíþjóð þar sem skattlagning á lífeyri er hærri en í Noregi. Orsökina er sú að norsku lífeyrisþegunum var ekki kunnugt um breytingar sem gerðar höfðu verið á tvísköttunarsamningnum og eins var annmarki á

upplýsingum sem þeir höfðu fengið hjá sænskum yfirvöldum (Skatteverket).

Norsku lífeyrisþegarnir leituðu til Skatteverket þegar þeir hugðust flytja eða voru þegar fluttir til Svíþjóðar en upplýsingar sem þeir fengu um skattlagningu lífeyris reyndust rangar. Skattayfirvöld tjáðu lífeyrisþegunum að þeir þyrftu ekki að greiða skatt af lífeyrinum í Svíþjóð fyrir árið sem þeir fluttu eða næstu þrjú ár þar á eftir. Öðrum var sagt að fimm eða jafnvel fleiri ár myndu líða áður en þeim yrði gert að greiða umrædda skatta.

Upplýsingarnar voru munnlegar og veldur það nú vandræðum því aðilar sem afgreiða kvartanir krefjast skriflegra sannana fyrir meintum upplýsingum.

Röng upplýsingagjöf hefur gert það að verkum að umræddir lífeyrisþegar hafa ekki greitt hinn hærri skatt í Svíþjóð fyrir árin 2009, 2010 og 2011 enda var þeim ekki kunnugt um að þeir skulduðu sænska ríkinu skatt. Nú er þeim ætlað að greiða skatt í báðum löndunum en til að koma í veg fyrir tvísköttun draga sænsk yfirvöld í útreikningum sínum frá þá upphæð sem þegar hefur verið greidd í Noregi.

Einn lífeyrisþeginn fékk skriflegar upplýsingar frá Skatteverket dags. 19. ágúst 2009 þess efnis að hann ætti að greiða skatt í Noregi í fjögur ár eftir að hann flutti á milli landa. Lífeyrisþeginn kvartaði til Skatteverket yfir röngum upplýsingum en fékk þau svör að ekki væri hægt að sýna fram að á fjárhagslegt tjón hans vegna hærri skattlagningar mætti rekja til rangra upplýsinga.

Á þingi Norðurlandaráðs 2013 kom það í hlut Evu Björling, samstarfsráðherra Svíþjóðar, að svara fyrirspurn fyrir hönd Anders Borg fjármálaráðherra. Í svari hennar kom fram að afstaða sænsku ríkisstjórnarinnar væri óbreytt.

Mál þetta hverfur ekki af sjálfu sér. Norskir lífeyrisþegar sem orðið hafa fyrir fjárhagslegu tjóni vegna búferlaflutninga til Svíþjóðar hafa sumir hverjir misst heimili sín þegar þau hafa verið gerð upptæk af yfirvöldum. Sumir norskir lífeyrisþegar þora ekki lengur að treysta upplýsingum sem þeir fá hjá sænskum yfirvöldum. Málið er því grafalvarlegt og skapar óvissu um viðleitni Norðurlandanna til að afnema stjórnsýsluhindranir.

Norræni tvísköttunarsamningurinn virðist vera annmörkum háður og því er brýnt að endurskoða hann, einkum reglurnar um tvísköttun. Einnig er mikilvægt að samningurinn sé auðskiljanlegur og jafnframt túlkaður samhljóma á öllum Norðurlöndunum.

3. Umsagnarferli

Málið hefur ekki verið sent í umsagnarferli en við undirbúning á erindinu hafði skrifstofan samband við stofnanir og/eða samtök í löndunum sem starfa að mannréttindum. Svör sem skrifstofunni bárust við spurningunni um hvort Skatteverket hafi brotið á mannréttindum staðfesta ekki að Skatteverket hafi brotið á mannréttindum.

4. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur borgara- og neytendanefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

Norðurlandaráð

A 1606 / medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00302-7

Norðurlandaráð

A 1606 / medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00302-7

að hefja endurskoðun á „Samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir“ í því skyni að skýra orðalag í reglunum;

að hefja rannsókn á því hvernig hægt er að tryggja að skattstjóra-embættin og önnur yfirvöld sem málið varðar túlki tvísköttunar-samninginn á sama hátt og veiti almenningi réttar og ótvíræðar upplýsingar um reglurnar.

Borgara- og neytendanefnd leggur einnig til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Noregs og Svíþjóðar um

að skattayfirkvöld í löndunum fari yfir mál norsku lífeyrisþeganna í því skyni að afhjúpa hvort þeim hafi verið veittar rangar upplýsingar og leiðrétt skattaálögur þeirra í samræði við útkomuna.

Kaupmannahöfn, 22. janúar 2014

Annicka Engblom (M) formaður
Elín Hirst (Sj.)
Henrik Dam Kristensen (S)
Jan Lindholm (MP)
Knut Storberget (A)

Maria Stenberg (S)
Morten Wold (FrP)
Satu Haapanen (gröna)
varaformaður
Suna Kymäläinen (sd)

Norðurlandaráð

A 1606 / medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00302-7

Norðurlandaráð

A 1606 / medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00302-7

A 1606 / medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00302-7

Norðurlandaráð

A 1606 / medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00302-7

**Þingmannatillaga
um endurskoðun á norrænum
tvísköttunarsamningi**

I ár 2008 ændredes den nordiske skatteaftale, hvilket blandt andet medførte at reglerne ændredes for personer som modtager pension fra et andet nordisk land. Der er fatale eksempler på at denne ændring har medført et behov for en revision af skatteaftalen samt for at forenkle og tydeliggøre reglerne i de nordiske skatteaftaler.

Det nordiske samarbejde skal sikre, at aftaler og overenskomster indgået af de nordiske lande, er tydelige i sit indhold, og det skal sikres, at aftalerne behandles ens af alle omfattede myndigheder. Klar og tydelig information til borgerne er helt afgørende for at sikre retlige principper og en tillid til myndighederne.

Sagen om nordiske pensionister der flyttede til Sverige inden den nordiske skatteaftale ændredes, blev i overensstemmelse med reglerne beskattet i Norge det år de flyttede bopæl til Sverige samt de efterfølgende tre år. Denne skat afregnedes af svensk skat i overensstemmelse med daværende skatteaftale. Imidlertid er et stort antal norske pensionister som flyttede til Sverige efter at aftalen ændredes på grund af myndigheders fejlinformationer/mangelfulde information først nu blevet opmærksomme på konsekvensen af de nye regler. Mange af disse opkræves nu store beløb i restskat, hvilket indebærer en personlig katastrofe for dem.

Den komplekse og uklare lovtekst i skatteaftalen rammer også lønmodtagere, herunder personer på barselsorlov der bor i et nordisk land og arbejder i et andet. Her skal der ansøges om barselsdagpenge i arbejdslandet, men det beskattes både i arbejds- og i bopælslandet. Reglerne er så uklare, at det kan medføre uklarhed omkring den enkelte borgers økonomiske situation og hvorledes skatten skal betales.

Tilsyneladende er reglerne i den nordiske skatteaftale så komplicerede at skattemyndighederne ikke er i stand til at tolke dem korrekt og ensartet.

Norðurlandaráð

A 1606 / medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00302-7

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur flokkur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

at að hefja endurskoðun á „Samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir“ í því skyni að skýra orðalag í reglunum;

at að hefja rannsókn á því hvernig hægt er að tryggja að skattstjóraembættin og önnur yfirvöld sem málið varðar túlki tvísköttunarsamninginn á sama hátt og veiti almenningi réttar og ótvíræðar upplýsingar um reglurnar.

Norðurlandaráð

A 1606 / medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00302-7

Þórshöfn, 24. september 2013

Anders Karlsson (S)

Ann-Kristine Johansson (S)

Annette Lind (S)

Billy Gustafsson (S)

Christer Adelsbo (S)

Eeva-Johanna Eloranta (sd)

Helgi Hjörvar (A)

Henrik Dam Kristensen (S)

Jorodd Asphjell (A)

Karin Gaardsted (S)

Karen Klint (S)

Karin Åström (S)

Kim Kielsen (S)

Maria Stenberg (S)

Marit Nybakk (A)

Martin Kolberg (A)

Peter Johnsson (S)

Sjúrður Skaale (Jvfl.)

Sonja Mandt (A)

Suna Kymäläinen (sd)

Tone Merete Sønsterud (A)

Tore Northun (A)

Tuula Peltonen (sd)